



RAFMENNT

ÁRSSKÝRSLA STJÓRNAR

2024

INNIHALD

Starfsemi Rafmenntar ehf

Pór Pálsson

Framkvæmdastjóri/skólameistari

Efnisyfirlit

Stjórn	2
Starfsmenn	2
Námskeið	2
Bransadagur	3
Fagbréf.....	4
Áttin	4
Öryggismál.....	4
Námssamningar.....	4
Nemastofa	5
Sveinspróf.....	6
Viðurkenningar starfsréttinda	7
Raunfærnimat	7
Framhaldsskóli Rafmenntar.....	7
Síðsumarsráðstefna	7
Námskrá.....	8
Kynningarmál.....	8
Stuðningur við nema í grunnnámi	8
Starfsmenn	9

Starfsár Rafmenntar ehf 2024

Stjórn

Stjórn Rafmenntar ehf fram að aðalfundi félagsins 8. maí 2024 var þannig skipuð; Andri Jóhannesson (RSÍ), Andri Reyur Haraldsson (RSÍ) varaformaður, Helgi Rafnsson (SART), Ragnar G. Gunnarsson (RSÍ), Hjörleifur Stefánsson (SART) formaður, Margrét Halldóra Arnarsdóttir (RSÍ), Sigurður Gunnarsson (SART) og Pétur H. Halldórsson (SART). Varamenn í stjórn voru Kristján D. Sigurbergsson (SART) og Finnur Víkingsson (RSÍ).

Á aðalfundi gekk úr stjórn; Finnur Víkingsson (RSÍ).

Stjórn Rafmenntar frá 8. maí 2024 er þannig skipuð; Andri Jóhannesson (RSÍ), , Helgi Rafnsson (SART), Hjörleifur Stefánsson (SART) formaður, Kristján Þórður Snæbjarnarson (RSÍ) varaformaður, Margrét Halldóra Arnarsdóttir (RSÍ), Pétur Hákon Halldórsson (SART) Ragnar G. Gunnarsson (RSÍ) og Hjörtur Árnason (SART). Varamenn í stjórn eru Andri Reyur Haraldsson (RSÍ)og Kristján D. Sigurbergsson (SART).

Stjórnin hélt 10 fundi á starfsárinu.

Starfsmenn

Breytingar urðu á starfsmönnum Rafmenntar á árinu. Bára Laxdal Halldórsdóttir verkefnastjóri rafbókar lét af störfum.

Auk fastráðinna starfsmanna, komu 33 utanaðkomandi kennarar/leiðbeinendur að kennslu meistaraskóla og á námskeiðum á árinu 2024. Einnig komu 11 aðilar að raunfærnimati. Eru þetta sem fyrr aðilar sem ýmist starfa sem kennarar við verkmenntaskóla eða sérfræðingar, hver á sínu sviði sem tæknifræðingar/verkfræðingar/iðnfræðingar, á verkfræðistofum eða sjálfstætt starfandi.

Nú sem fyrr er það skoðun þeirra sem koma að stjórn Rafmenntar, að fá sem hæfustu einstaklinga úr atvinnulífinu til að sinna kennslu/leiðsögn á námskeiðum og þeim verkefnum sem þurfa sérfræðiþekkingu. Það er það form sem gagnast fræðslunni best enda er þá um að ræða einstaklinga sem eru að fást við nýjustu tækni og búnað hverju sinni.

Námskeið

Mikilvægi endurmenntunar er alltaf að aukast vegna sífelldrar þróunar í tækni og búnaði sem félagsmenn okkar eru að glíma við alla daga. Það ætti að ýta á að þeir leiti sér stuðnings til að geta tekist á við tækniþróunina. Leitað er leiða til að auka virkni félagsmanna í því að leita sér endurmenntunar.

Aukin vakning er innan fyrirtækja um menntun starfsmanna til dæmis með aukinni þátttöku í verkefninu fræðslustjóri að láni gengum vef Áttarinnar.

Á árinu voru kenndir 67 hópar af áföngum í meistaraskóla. Aðsókn í nám í meistaraskóla jókst frá fyrra ári. Á súluriti sést þróun í nemendafjölda og fjölda hópa frá árinu 2020.

Á árinu voru 77 nemendur með fleiri en 9 einingar á önn sem fjölgun frá fyrra ári.




Sjá má á töflunni, að fjölgun var á útskrifuðum úr meistaraskóla frá fyrra ári.

Árið 2024 gaf HMS út eftirfarandi fjölda nýrra („rafmagnsöryggis“) löggildinga:
B-löggilding: 46
A-löggilding: 3

Nemendur í meistaraskóla og útskrifaðir					
	2020	2021	2022	2023	2024
Nemendur	60	45	54	67	77
Útskriftir	32	48	46	46	52
Löggildingar	30	30	53	48	49

Tveir þeirra sem fengu nýja A-löggildingu árið 2023 fengu jafnframt nýja B-löggildingu það ár og sá sem fékk nýja A-löggildingu árið 2024 hafði gilda B-löggildingu fyrir.

Töluverð fjölgun var í þátttöku á námskeiðum milli ára. Starfsmenn Rafmenntar eru stöðugt að skoða nýja möguleika á námskeiðum og leitast við að svara þörfum fyrirtækja með námskeiðahald. Fylgst er með spjallsíðum þar sem umræða fer fram og ef hún fer að snúnast um menntun eða tækni eru möguleikar skoðaðir svo dæmi sé tekið. Á heimasíðunni er einnig hnappur þar sem gestir síðunnar eru beðnir um að koma með ábendingar að nýjum námskeiðum eða fyrirlestrum. Námskeiðin geta verið um nýngar sem eru að koma á markað og geta verið haldin einu sinni eða reglulega meðan eftirspurn er eftir þeirri þekkingu sem þar er kennd. Á vorönn var farið af stað með námskeið í úttektarmælingum. Byrjað var með tvo hópa, eftirspurnin varð strax fín. Á haustönn voru svo settir upp 11 hópar og var nánast fullt í þá alla.



Áfram er stefnan að auka framboð endurmenntunarnámskeiða og kynninga hjá Rafmennt í samstarfi við fyrirtæki þar sem félagsmenn starfa. Áherslan er að þeir geti sótt sér endurmenntun á styttri námskeiðum þar sem einstaka nýngar eru í aðalhlutverki. Leitað var til birgja og þjónustuaðila og þeim boðið að halda fyrirlestur og/eða námskeið hjá Rafmennt um nýngar á þeirra sviði.

Auk þess að sækja námskeið hjá Rafmennt gefst félagsmönnum tækifæri á að sækja sér námskeið annarsstaðar og fá styrk upp í kostnað. Upphæð styrkja er endurskoðuð árlega. Eftir að einstaklingsstyrkir voru hækkaðir jókst aðsókn í styrkina. Ásamt því að þeir voru hækkaðir voru styrkjareglur einfaldaðar. Nánari upplýsingar um styrki eru á heimasíðu Rafmenntar undir styrkir, en einnig eru upplýsingar á „mínum síðum“ á vef RSÍ.



Bransadagur

Um mitt ár 2023 kviknaði sú hugmynd að skapa vettvang fyrir tæknifólk til að hittast, miðla þekkingu og efla tengsl innan greinarinnar. Markmiðið var að bjóða upp á faglega dagskrá þar sem helstu sérfræðingar á sviði tækni, miðlunar og skapandi greina deildu sinni þekkingu og reynslu. Að baki þessari hugmynd stóðu Andri Guðmundsson, tæknistjóri Hörpu, og Ingi Bekk, verkefnastjóri hjá

Rafmennt. Í kjölfar þess hófu Harpa, Rafmennt og Félag tæknifólks samstarfsverkefni sem leiddi til Bransadagsins, sem haldinn var í Hörpu þann 8. janúar 2024.

Bransadagurinn fór langt fram úr öllum væntingum en um 250 gestir sóttu viðburðinn. Á dagskránni voru 15 fyrirlestrar frá innlendum og erlendum sérfræðingum auk sýningarsvæðis þar sem bakhjarlar dagsins kynntu vörur og þjónustu sína. Viðbrögð þátttakenda voru afar jákvæð og var það álit bæði gesta og þeirra sem að viðburðinum komu að Bransadagurinn væri kominn til að vera fastur liður í fagstarfi greinarinnar.

Í kjölfar Bransadagsins bauð Rafmennt upp á sérhæfð námskeið þar sem erlendir fyrirlesarar úr dagskránni fóru dýpra í sín sérsvið og miðluðu praktískri þekkingu og reynslu til þátttakenda.

Undibúningur Bransadags 2025 hófst strax að honum loknum en fór á fullt að loknu sumarleyfi.

Fagbréf

Starf við þróun fagbréfa hélt áfram með sama hætti og árið áður. Starfsgreining fyrir ljóstækni lauk í febrúar 2024 og í framhaldinu var unnið að gerð starfaprófíla og hæfnigreiningargagna, sem lauk í lok ágúst. Í september fór svo fram val í hópa matsaðila fyrir hvert starf, en þeir sóttu kynningu og þjálfun á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Áttin

Áttin er vefgátt, sem greiðir leið fyrirtækja að umsóknum, í starfsmenntasjóði og fræðslustofnanir. Áttin er sameiginlegt verkefni atvinnurekenda og launafólks á almennum vinnumarkaði. Í gegnum hana koma umsóknir frá fyrirtækjum vegna endurmenntunar starfsmanna. Einn liður í þessu ferli er Fræðslustjóri að láni. Það verkefni byggist á að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja, sérhæfðum í vinnustaðafraeðslu og óformlegri menntun. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, dregur fram það sem vel er gert, gerir eða dýpkar greiningu á þörfum fyrirtækisins og samhæfir við önnur námskeið eða viðurkenndar fræðsluleiðir innan óformlega fræðslukerfisins. Í gegnum þetta ferli hefur Rafmennt komið að ýmsu námskeiðahaldi fyrir fyrirtæki og lagt áherslu á að fræðslustjóri kynni námsframboðið fyrir starfsmönnum þeirra fyrirtækjanna sem fara í þetta verkefni. Í Áttina bárust 189 umsóknir árið 2024 frá 87 fyrirtækjum sem greiða af sínum starfsmönnum í Menntasjóð rafiðnaðarins. Er það aukning frá fyrra ári sem er í takt við áhuga fyrirtækja á menntun starfsmanna.

Öryggismál

Öyggisapp Rafmenntar, Rafmennt öryggi, er aðgengilegt frítt fyrir android og ios farsíma. Appið hefur náð töluverðri útbreiðslu og hafa nokkrir kennarar tekið það inn í sína kennslu í framhaldsskólum. Stýring á spurningum og ítarefni er nú í höndum starfsmanna Rafmenntar sem einfaldar allt eftirlit og uppfærslu á appinu. Notendur appssins eru hvattir til að senda inn ábendingar í gegnum ábendingahnapp í appinu.

Töluverð vinna var sett í gang á árinu um að skoða mögulega framsetningu á sérstökum öryggiskóla fyrir iðnaðinn. Unnið var út frá skýrslu sem gerð var eftir sérstakan vinnufund sem haldin var á forræði Vinnuverndarráðs sem var skipað í september 2020 og er ráðið skipað aðilum frá ASÍ, SI og Vinnueftirlitinu. Vinnuverndarráð fékk svo okkur frá Rafmennt, Ólaf Ástgeirsson frá Iðunni og Axel Pétursson til að vinna með þær tillögur, útfæra og gera áætlun um stofnun sérstaks skóla. Í lok árs var ákveðið að stofna sérstakan skóla „Öryggisskóla iðnaðarins“ og byrja á nýju ári 2025.

Námssamningar

Ný reglugerð um vinnustaðanám tók gildi 1. ágúst 2021. Í henni er ábyrgð verknámsskólanna á námi nemenda frá upphafi til loka ítrekuð. Því fylgir að skólar eiga að sjá til þess að nemendur ljúki

starfsþjálfun samhliða námi og hafi lokið hvorutveggja áður en þeir útskrifast. Því fylgir að skólarnir stofna rafræna ferilbók þegar nemi hefur vinnustaðanám. Gerðir voru 36 námssamningur í rafvirkjun á árinu 2024 sem er fækkun úr 101 frá árinu á undan sem skýrist af því að nemendur færast nú yfir í nýtt kerfi. Reikna má með að seinustu námssamningarnir í rafvirkjun verði gerðir á árinu 2025 og eftir það verði alfarið farið yfir í rafræna ferilbók.

Nemastofa

Í takt við tilgang og markmið félagsins voru verkefni ársins; að stuðla að fjölgun faglærðs fólks í atvinnulífi; að fjölga nemum og námstækifærum í iðn- og starfsnámi; að styðja fyrirtæki sem bjóða vinnustaðanám með því að kynna notkun og skráningu í ferilbók; að bjóða iðnmeisturum og tilsjónarfólki þjálfun og kennslu á vinnustað.

Verkefni Nemastofu atvinnulífsins er að fjölga fyrirtækjum sem bjóða iðnnemum vinnustaðanám og aðstoða þau við skráningu í umsóknargátt MMS. Nemastofa skráði um 85% fyrirtækja sem bættust við lista fyrirtækja sem bjóða vinnustaðanám á árinu 2024.

Nemastofa atvinnulífsins hélt samtals 31 kynningar og fræðslufundi fyrir iðnmeistara og tilsjónarfólk nema í fyrirtækjum á árinu. Þátttakendur voru samtals 360.

Nemastofa atvinnulífsins hefur tekið saman upplýsingar um framkvæmd iðnnáms í landinu s.s um fjölda iðnnema í framhaldsskólum, um fjölda ferilbóka í iðngreinum, fjölda nemaplássna í iðngreinum, nýtingu nemaplássna ofl., Nemastofa birtir einnig yfirlit um fjölda nýsveina á árinu. Á árinu 2024 luku samtals 920 iðnnemar sveinsprófi sem er fjölmennasti hópur nýsveina á ári – þar af luku 271 sveinsprófi í rafiðngreinum.

Nemastofa fór í samtals 37 fyrirtækjaheimsóknir með fræðslu og kynningar á notkun ferilbóka.

Nemastofa veitir fyrirtækjum sem hafa staðið vel að þjálfun og kennslu iðnnema á vinnustað sérstaka viðurkenningu. Fyrirmyndafyrirtæki Nemastofu atvinnulífsins árið 2024 voru fyrirtækin; Snyrtistofa Ágústu, Marel, Askja og Hasar.


Nemastofa tók við rekstri heimasíðunnar www.namogstorf.is í ársbyrjun 2024 og hefur lagt áherslu á stöðuga uppfærslu á síðunni um námstækifæri í iðn- og starfsnámi, um fyrirmyndir í iðnnámi o.fl.



Sveinspróf

Sveinspróf í rafvirkjun voru haldin í febrúar og júní eins og venja er til. Sú nýbreytni var að nemendum sem féllu í febrúar og júní var boðið að taka upptökupróf í október. Á árinu þreyttu 375 einstaklingar sveinspróf sem er töluverð fjölgun frá fyrra ári. Þessi stöðuga fjölgun próftaka undanfarin ár er mög jákvæð fyrir rafiðnaðinn. En segja má að stöðug fjölgun hafi verið frá 2015. Hér til hliðar má sjá þróun á fjölda próftaka í sveinsprófi í rafvirkjun frá 2019.

Auk prófa í rafvirkjun voru 9 einstaklingar sem þreyttu próf í rafveituvirkjun og einn í rafvélavirkjun. Öll fengu þau sveinsbréf afhent á árinu. Sveinspróf í rafeindavirkjun var haldið í maí og desember samhliða prófum í Tækniskólanum. Prófið er sett saman úr lokaprófum áfanga á 6. og 7. önn. Lokaprófin eru unnin í samvinnu sveinsprófsnefndar og kennara í TS og VMA. Tuttugu og einn nemandi lauk sveinsprófi á árinu.



Afhending sveinsbréfa í september 2024.

Viðurkenningar starfsréttinda

Viðurkenningar á erlendum starfsréttindum 2024 voru 46 á móti 29 umsóknum á árinu 2023. Landskrifstofa EncNaric sér nú um umsóknir og sendir áfram til Rafmenntar til umsagnar þegar öll gögn hafa borist. Þetta er til mikilla hæðarauka fyrir afgreiðslu Rafmenntar á umsóknum.

Raunfærnimat

Ákveðinn stöðugleiki virðist vera að koma á fjölda þátttakenda í raunfærnimati. Á árinu 2023 luku 49 raunfærnimati í rafvirkjun. Þessir einstaklingar hafa allir starfað lengur en þrjú ár í faginu og eru eldri en 24 ára. Gera þarf átak í eftirfylgni með þeim aðilum sem fara í gegnum raunfærnimat. Þessum einstaklingum er bent á námsmöguleika í rafvirkjun hjá Rafmennt.

Framhaldsskóli Rafmenntar

Rafmennt fékk endurnýjaða viðurkenningu mennta- og barnamálaráðuneytis sem framhaldsskóli með bréfi dags 18. september 2024 tímabilið 10.07.2024 – 10.07.2027.

Með framlengingu á viðurkenningu skapast nokkrir möguleikar Rafmenntar til að mennta félagsmenn RSÍ og SART á eigin forsendum. Leyfið nær til allra formlegra námskráa rafiðnaðarmanna og tæknifólks. Áfram er boðið uppá nám í Kvikmyndataekni í samstarfi við Stúdíó Sýrland. Fyrsti nemendahópurinn sem hóf námið í janúar 2023 útskrifaðist í maí. Kennslan er skipulögð í fjórar annir og kenndar eru þrjár annir á almanaksári.

Menntun eldri nemenda

Haldið var áfram á árinu með kennslu eldri nemenda og er áhugi að aukast að fá aðgang að þessari leið. Nokkuð brottfall er úr náminu sem skýrist á sömu forsendum og komu fram í fyrstu.

- Var ekki eins og ég ímyndaði mér
- Of mikill hraði
- Hef ekki tíma

Lagt verður upp úr því við nemendur að taka minna fyrir í einu í upphafi svo þeir átti sig á vinnuframlagi sem þeir þurfa að sinna. Frá og með hausti 2024 stunduðu 30 einstaklingar nám í rafvirkjun.

Tilnefning til Íslensku menntaverðlaunanna 2024

Rafmennt fékk tilnefningu til Íslensku menntaverðlaunanna fyrir þróun sveigjanlegs og einstaklingsmiðaðs náms í raf- og tæknigreinum. Þessi viðurkenning er mikilvæg á því starfi sem starfsmenn, ráðgjafar og kennarar hafa lagt í að þróa námsefni sem mætir þörfum hvers og eins nemanda. Tilnefningin er hvatning til að halda áfram að efla og þróa verkefnið enn frekar með hagsmunum nemenda að leiðarljósi.

Síðsumarsráðstefna

Eins og undanfarin ár heldur Rafmennt síðsumarsráðstefnu í samvinnu við félag kennara í rafiðngreinum. Þessi ráðstefna hefur gefist vel og ánægja innan kennarahópsins með hana. Dagskrá ráðstefnunnar var að vanda fjölbreytt þar sem blandað er saman kynningum, fræðslu og skemmtun. Að þessu sinni voru kynningar á niðurstöðum sveinsprófa, fræðsla um sólarorku, farið yfir stöðu námskrárvinnu, fræðsla frá VMA um gerfigreind í skólastarfi, fræðsla um börn og netmiðla, farið yfir nýja útgáfu af staðlinum HB200 og að lokum farið í mælingar fyrir hleðslustöðvar rafbíla.

Námskrá

Eftir menntastefnuna sem haldin var í október 2022 var stofnaður vinnuhópur um námskrárvinnuna. Hópurinn samanstóð af einstaklingum úr stjórn Rafmenntar, starfsgreinaráði, kennurum og úr atvinnulífi samtals fjórtán manns. Þessi hópur hittist reglulega á fundum í heild eða minni hópum. Í lok maí var haldin vinnuhelgi þar sem farið var yfir vinnuna og framhaldið ákveðið.

Ákveðið var að fá fleiri aðila að verkefninu og vinna áfram í fjórum hópum undir stjórn Bjargar Pétursdóttur.

Vinnu við fyrri hluta námskrár lauk á haustmánuðum 2024.

Kynningarmál

Rafmennt hefur verið þátttakandi á ýmsum viðburðum þar sem verið er að kynna nám fyrir ungu fólki.

Á árinu var Rafmennt með kynningarbás á UT-Messunni og Verk og Vit. Á Verk og Vit fékk Rafmennt 1. verðlaun fyrir athyglisverðasta sýningarsvæðið.

Að mati dómnefndar, þótti sýningarsvæði Rafmenntar mjög svo lýsandi fyrir þeirra starf og fangaði sýningarrýmið athygli gesta strax. Sýningarmunir eru aðgengilegir og vel sýnilegir og höfða vel til markhópsins. Einnig var vel staðið að fræðslu og kynningum og var það bersýnilegt að fulltrúar Rafmenntar náðu að fræða og upplýsa sína gesti á skemmtilegan hátt.



Stuðningur við nema í grunnnámi

Í upphafi haustannar var tekin upp sú nýbreytni að afhenda nemendum í grunnnámi vinnubuxur. Hefur þessi nýbreytni farið vel í nemendur og fengu 250 nemendur afhentar buxur.



Starfsmenn

Starfsmenn Rafmenntar í lok árs voru:

- Alma Sif Kristjánsdóttir, verkefnastjóri kynningar og ráðgjafar
- Elísa Hildur Einarsdóttir, margmiðlun
- Fannar Freyr Jónsson, tæknistjóri
- Guðmundur S. Jónsson, verkefnastjóri sterkstraums og prófa
- Hafdís Reinaldsdóttir, skrifstofustjóri
- Ingi Einar Jóhannesson (Ingi Bekk), verkefnastjóri miðlunar, tækni og skapandi greina
- Ómar Rósenberg Erlingsson, verkefnastjóri sterkstraums, meistaraskóla
- Rúnar Sigurður Sigurjónsson, verkefnastjóri veikstraums
- Þór Pálsson, framkvæmdastjóri
- Þórdís Bergmundsdóttir, bókari